


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>ÍSLE1LO04S</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

<b>Kennari</b>	Svanhildur Daníelsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

#### Áfangalýsing:

Unnið verður markvisst að því að þjálfa lestur í víðu samhengi, bæta lesskilning og skilning á orðtökum, myndmáli og líkamstjáningu. Jafnframt að efla málskilning, málnotkun, hlustun, tjáningu, samræður og ritun. Nemendur lesa fjölbreyttan texta og horfa á kvikmyndir og leikrit.

#### Markmið:

##### **Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mismunandi tjáningarmáta og túlkunaraðferðum
- auknum orðaforða til daglegrar notkunar
- mikilvægi þess að hafa góðan lesskilning, ekki bara á ritmáli

##### **Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- átta sig á mismunandi túlkunaraðferðum
- beita virkri hlustun og ná bæði aðal- og aukaatriðum
- gagnrýna á uppbyggilegan hátt
- koma skoðunum sínum á framfæri

##### **Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu / leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- geta lesið og hlustað sér til gagns og ánægju
- tekið þátt í samræðum og rökræðum
- hlustað á og virt sjónarmið annarra
- lagt mat á eigin frammistöðu (sjálfsmat)


#### Námsgögn:

**Lestur og lesskilningur:** Íslensk skáldsaga. Annað lesefni: fræðandi greinar, fréttagreinar og fleira áhugavert sem birtist í dagblöðum, tímaritum og á veraldarvefnum. Skáldsagan: *Strákarnir með strípurnar*, höfundar: Ingibjörg Reynisdóttir og Lovísa Rós Þórðardóttir. Útgefandi: Sögur útgáfa 2007. Nemendur fá bókina lánaða í skólanum.

Vinnubók með skáldsögu og munnleg og skrifleg verkefni úr öðru lesefni sem kennari útbýr.

**Ritunarverkefni:** Ýmist sem nemendur velja sér sjálfir eða kennari ákveður og tengjast atburðum í dagsins önn, úr fréttaveitum, dagblöðum og tímaritum og áhugasviði nemenda. Nemendur skrifa frásagnir, gera útdrætti og búa til spurningar úr lesefni.

**Íslenskar kvikmyndir/þættir** ásamt verkefnum, munnlegum og skriflegum (tilkynnt síðar).

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>ÍSLE1LO04S</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>

#### Áætlun um yfirferð og verkefni:

tímabil	viðfangsefni	verkefni
Vika 34-37	Kynning á áfanganum, kynning nemenda, hagnýtar upplýsingar. Megin áhersla á lestur, byrjað á blaðagreinum og skáldsögu.	Munnleg og skrifleg verkefni með blaðagreinum. Vinnubók með skáldsögu.
Vika 38-42	Ritun í tölvustofu 1x viku og lestur blaðagreina áfram. Lestur skáldsögu áfram.	Stuttar frásagnir, útdrættir, spurningagerð. Vinnubók með skáldsögu áfram.
Vika 43- 45	Lokið við skáldsögu. Ritun í tölvustofu áfram. Fyrirlestur um eigin áhugamál.  Byrjað á íslenskum kvikmyndum.	Vinnubók með skáldsögu lokið. Ritunarverkefni áfram. Nemendur útbúa og flytja fyrirlestur með glærusýningu. Munnleg og skrifleg verkefni.
Vika 46-49	Íslenskar kvikmyndir áfram. Nemandinn verður kennarinn.	Munnleg og skrifleg verkefni. Ýmis stutt viðfangsefni sem nemendur skiptast á að velja sjálfir, stjórna, útfæra og kenna okkur hinum.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni	
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
lestur, lesskilningur,	Lestur og skriflegar spurningar úr <i>Strákarnir með strípurnar</i> .	20%
krossapróf	2 krossapróf úr <i>Strákarnir með strípurnar</i> 5 % hvert.	10%
lestur, lesskilningur, ritun	Ritunarverkefni – valin 5 bestu, 3% hvert. Blaðgreinar, útdrættir/spurningar – valin 5 bestu 3% hvert.	15%
framsögn/tjáning	Fyrirlestur.	10%
framsögn/tjáning	Nemandi verður kennari.	10%
sjálfsmat	Sjálfsmat (mat á eigin frammistöðu) á miðri önn og við lok annar.	10%
túlkun/samræður	Verkefni úr tveimur kvikmyndum, munnleg og skrifleg skil.	10%

**Notkun síma í kennslustundum er háð leyfi kennara.**

**Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytningar.**

Dagsetning: 19. ágúst 2019



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils